



Kópavogi, 26. janúar 2026  
2601347/005.05 AKÓ

**Efni: Svar við fyrirspurn bæjarráðs um grænkerafæði í leikskólum**

Eftirfarandi er lagt fram í Bæjarráði sem svar við fyrirspurn bæjarfulltrúa, Sigurbjargar Erlu Egilsdóttur um grænkerafæði í leikskólum.

Leikskólar Kópavogs bjóða upp á heilsusamlegt og fjölbreytt fæði í samræmi við viðurkenndar næringarráðleggingar og heilsumatseðla sem unnir eru í samstarfi við fagfólk á sviði næringar- og lýðheilsu. Forráðamenn geta óskað eftir sérfæði fyrir börn sín, þar á meðal grænkerafæði (vegan), grænmetisfæði eða pescatarian fæði, í samráði við stjórnendur leikskóla.

Samtals eru 18 börn í leikskólum bæjarins skráð í mismunandi tegundir grænkerafæðis. Í kjölfar gæðaúttektar á mötuneytum vorið 2022 hefur verið lögð áhersla á fræðslu og símenntun starfsfólks með reglulegum námskeiðum og fræðslu um grænkerafæði, næringu, meðhöndlun matvæla, hreinlæti og eftirlit.

Virðingarfyllst,

---

Anna Birna Snæbjörnsdóttir  
Sviðsstjóri menntasviðs

